



**Iceland**  
STAÐARBERGI

### ERLUÁS



252m<sup>2</sup>

Glæsilegt vandað einbýli m/ innbyggðum tvöföldum 60 m<sup>2</sup> bílskúr. Einstök staðsetning í Álandshverfinu og stórkostlegt útsýni yfir bæinn og fjörðinn.

### NORÐURBAKKI



106m<sup>2</sup>

Glæsileg sjávarendaíbúð á 3ju hæð auk þess fylgir íbúðinni tvö stæði í lokaðri bílageymslu. Falllegt útsýni yfir höfnina.

### KVISTAVELLIR



145m<sup>2</sup>

Glæsilegt nýtt endaraðhús á einni hæð. Húsið skilast fullbúið að utan sem innan. Hátt til lofts, hljóðeinangrandi ull í loftum í stofum.

## HRAUNHAMAR

### FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • [www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

Stofnuð 1983

### Burger\*inn



Sími: 555 7030  
[www.burgerinn.is](http://www.burgerinn.is)

**Litla Gæludýrabúðin**  
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

Fullkomið Hundabað

## Foreldrar ungs barn fá ekki inni fyrir barnið

Biðlistar hjá dagforeldrum í Hafnarfirði

Móðir 12 mánaða barns fær ekki vistun hjá dagforeldri fyrir barnið sitt og kemst því ekki í vinnu. Segir hún marga á biðlista og fleiri í sömu sporum. Hittí hún bæjarstjóra og sviðsstjóra fjölskylduhjónustu í vikunni sem ekki gátu hjálpað henni. Henni hafi þó af sviðsstjóranum verið bent á að sækja um vinnu í leikskólum bæjarins og þá gæti hún fengið inni fyrir barnið en leikskólastjórar segjast ekki taka börn inn fyrir en 18 mánaða gömul.

Henni var bent á atvinnuleysisbætur en hún segist ekki geta tekið vinnu sem býðst ef barnið fær ekki pössun. Hafnarfjarðarbær er tilbúinn að

greiða t.d. öfum og ömmum sama og niðurgreiðsla til dagforeldra er en ekki beint til foreldra.

Framhald á bls. 7.



Foreldri kemst ekki í vinnu á meðan ekki fæst vistun.

### Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Ólíulaus



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði

**Frumherji**  
BIFREIÐASKOÐUN  
Dalshrauni 5  
Opíð kl. 8-17 virka daga

**A-stöðin**  
**TAXI**  
Hafnfirsk  
leigubílastöðin  
**520 1212**

## NÝ VERSLUN Í FIRÐI!

**FJÖRÐUR**

Gott úrval gjafavöru.

Höfum falleg kerti og kertastjaka í ýmsum litum.

Skiltin okkar vinsælu!

# FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



## Víðistaðakirkja

Sunnudagur 21. janúar

### Tónlistar- guðspjónusta kl. 11

Guðný Árný söngkona  
flytur ljúfa og fallega tónlist

### Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt dagskrá í umsjá  
Maríu og Bryndísar.

Veitingar eftir messur í safnaðarsalnum.

www.vidistadakirkja.is

### ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er  
www.utfararstofa.is

## HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 21. janúar

### Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Morgunmessa, TTT,  
barna-og unglíngakórar.

Sjá nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)  
[www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja](http://www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja)

## Leiðarinn



Þau takast á andstæð sjónarmið þegar ákveða á hversu snemma börn eru sett á leikskóla eða í aðra dagvistun. Í dag er miðað við að börn komist 18 mánaða í leikskóla og hafa foreldrar brúað

bilið frá því fæðingarorlofi lýkur og þar til börnin komast í leikskóla með dvöl hjá dagmóður eða einhverjum nákomnum.

Það hlýtur að vera æskilegast að foreldrar geti verið sem lengst heima með börnum sínum og eina leiðin til þess væri lenging fæðingarorlofs. Reynt hefur verið að koma til móts við foreldra sem t.d. ekki koma börnum sínum til dagforeldra að greiða sama gjald og niðurgreiðsla til dagforeldra er beint til þeirra sem taka að sér gæslu barnanna, sem gætu t.d. verið afi og amma viðkomandi barns. En það eru ekki allir svo lánsamir að hafa áttíngja í næsta nágreppi sem geta gætt barna og það skýtur skökku við að foreldrar geta ekki fengið þessa greiðslu fyrir að vera heima með börnunum.

Á sama tíma og hvati á að vera til að foreldrar séu sem lengst heima með börnunum þá þarf líka að vera til úrræði fyrir þá foreldra sem þurfa að vinna og geta ekki tekið orlof lengra en fæðingarorlofið er.

Átak hefur greinilega verið gert í snjómokstri á götum og gangstígum því víða hefur vel verið skafið og saltað. Hins vegar spyrja margir sig hvers vegna sumir göngustigar eru ruddir en aðrir ekki, hvergi eigi fólk að þurfa að ganga úti á götu. Allir húseigendur borga fasteignagjöld og menn spyrja sig því hvort eðlilegt sé að mismuna bæjarbúum.

Vel ruddir göngustigar og hjólaleiðir hvetja bæjarbúa til að ganga og hjóla allt árið um kring. Þjónusta er greinilega ekki kosningavæn og heillavænna að lofa byggingu dýrra íþróttamannvirkja.

Guðni Gíslason ritstjóri.

## HAMINGJA ÞÍN Á HVERJUM DEGI

Þróstur Steinþórsson  
prestur í Indiana fylki í  
Bandaríkjunum

5 frábær erindi:  
Laugardaginn 20. janúar 2018 kl. 11:00  
Hver er og hvað gerði Jesús?

Laugardaginn 20. janúar 2018 kl. 14:00  
Hvar er Guð þegar á reynir?

Miðvikudaginn 24. janúar 2018 kl. 20.  
Er ekkert öryggi þegar heimur er á  
heljarþröm?

Laugardaginn 27. janúar 2018 kl. 11.  
Er lífið streita, skuldir, vinnupreyta, eða  
er hægt að fá hvíld í hverri viku?

Laugardaginn 27. janúar 2018 kl. 14.00  
Guð kærleikans eða guð helvítis?

## BOÐUNARKIRKJAN

ÁLFASKEIÐI 115, HAFNARFIRÐI  
ÚTVARP BOÐUN FM 105,5.

GESTAPRÉDIKARI

FRÁBÆR  
ERINDARÖÐ

20  
JAN



## Fríkirkjan

í Kópavogi

Sunnudagur 21. janúar:

### Sunnudagaskóli kl.11

Hljómsveit kirkjunnar leiðir sönginn.

Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is) og á Facebook



# Framboðsmál ekki komin á hreint

Stíllt upp á lista Samfylkingar og Bjartrar framtíðar en lokað prófkjör hjá Pírötum

Svo getur farið að níu flokkar bjóði fram lista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Hafnarfirði í vor. Allþingiskosningarnar í október settu víða undirbúning fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á ís en aðeins Björt framtíð, Píratar og Samfylking hafa ákveðið hvernig valið verður á lista. Aðrir fara sér hæggar en búast má við að linur skýrist í næsta mánuði. Kosið verður laugardaginn 26. maí nk.

**Samfylkingin** verður ekki með prófkjör eins og fyrir undanfarnar kosningar, heldur mun uppstillingarnefnd sem stjórn Samfylkingarinnar í Hafnarfirði gerir tillögu að, raða frambjóðendum á lista. Ljóst er að tveir af þremur bæjarfulltrúum flokksins verða ekki í frambóði, þau Gunnar Axel Axelsson og Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Hjá **Sjálfstæðisflokknum** er kjörnefnd að störfum og mun fljótlega gera tillögu að því hvernig valið verður á listann en sú tillaga verður borin undir fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna að sögn Lovísu Árnadóttur, formanns fulltrúaráðsins. Flokkurinn hefur oftast verið með prófkjör.

**Björt framtíð** vinnur að uppstillingu á lista en óvíst er enn hvenær sú uppstilling verður tilbúin að sögn Guðlaugar Kristjánsdóttur oddvita flokks-



ins. Segir hún fréttir af mögulegu sameiginlegu frambóði með Viðreisn haf komið þeim á óvart.

**Vinstri hreyfingin grænt frambóð** mun ákveða á félagsfundi á mánudag hvort farið verður í forval/prófkjör eða uppstillingu að sögn Júlíusar Andra Þórðarsonar formanns VG í Hafnarfirði.

**Framsóknarflokkurinn** mun bjóða fram en ekki hefur enn verið ákveðið hvernig raðað verður á lista þó opið prófkjör sé ekki á dagskrá.

**Píratar** verða með lokað prófkjör á sama tíma og í öðrum sveitarfélögum, líklegast um mánaðamót febrúar, mars að sögn Elinar Ýrar Arnar Hafðisardóttur formanns Pírata í Hafnarfirði.

**Miðflokkurinn** boðaði til stofnunar Miðflokksfélags Suðvesturkjördæmis í gærkvöldi en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður flokks-

ins hefur ekki svarað fyrirspurn blaðsins um frambóðsmál.

Hjá **Viðreisn** er verið að fara yfir málin og segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður flokksins að hér, eins og annars staðar, verði skoðað hvað skynsamlegast er að gera svo stefnumál Viðreisnar fái sem best notið sín. Geti það verið sér frambóð eða í samvinnu við aðra.

**Flokkur fólksins** stefnir á frambóð sem mun skýrast í byrjun febrúar en stofna á flokksfélag í SV-kjördæmi að sögn Guðmundar Inga Kristinssonar varaformanns flokksins.

# Graenir, SKÁTAR

– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Hafnarfirði eru m.a. við:  
Hraunbyrgi • Fjarðarkaup • Fjörð • 10/11

## Allt í einum pakka í Víkingahöfðinu – Öðruvísi stemning

### Prumandi þorrablót að hætti Víkinga hefjast 19. janúar



Gerum tilboð fyrir hópa í gistingu og mat

Sérrettamatseðill



Víkingasveitin leikur fyrir matargesti eins og þeim einum er lagið

### Pakkatilboð í Víkingastræti

**1. Þorrapakki:**

Gisting, bjór og þorrahlaðborð  
Víkingasveitin leikur fyrir matargesti  
Tveggja manna herbergi kr. 14.400 á mann

**2. Árshátíðarpakki:**

Gisting með fordrykk og briggja rétta hátíðarkvöldverði  
Tveggja manna herbergi kr. 14.900 á mann

**3. Sælkerapakki:**

Gisting og kvöldverður með briggja rétta sælkeraveislu  
Tveggja manna herbergi kr. 14.100 á mann

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar  
[www.fjorukrain.is](http://www.fjorukrain.is)

ATH. Morgunmatur innifalinn í öllum pökkum. Tilboð gilda til 15 apríl 2018  
Aukanótt í 2ja manna herbergi kr. 5.800, á mann



Við kynnum nýjan möguleika í mat og gistingu.

Verið velkomin Hlið á Álftanesi





# Fækkar um 110 á biðlista eftir húsnæði

Fáir brugðust við ítrekunarbréfum og féllu því af biðlista um félagslegt leiguhúsnæði

Þann 1. september 2017 voru 230 umsóknir eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ á biðlista. Þá var brugðið á það ráð að óska eftir gögnum til endurnmats á umsóknunum. Send voru ítrekunarbréf og ítrekun í tölvupósti sem fáir brugðust við og voru umsóknir þeirra þar af leiðandi metnar af biðlista. Hjá öðrum voru aðstæður breyttar, tekjur breyttust, fólk flutti úr sveitarfélaginu og bættur húsnæðiskostur.

## 120 UMSÓKNIR Á BIÐLISTA

Fækkaði þá á biðlistanum um 110 og eru í dag 120 umsóknir á biðlista.

Í flestum umsóknum, eða 65, er óskað eftir eftir 2ja herbergja íbúð, 37 óska eftir 3ja herbergja íbúð, 10 óska eftir 4 herbergja íbúð, 4 eftir 5 herbergja íbúð og 4 eftir einstaklingsíbúð.

Á sama tíma lágu fyrir óskir 46 skjólstaðinga um flutning í annað félagslegt leiguhúsnæði en eftir að óskað hafði verið eftir að umsókn væri endurnýjuð fækkaði á listanum því aðeins 14 af þessum 56 brugðust við og sendu inn umsókn um flutning.



Ljóm: Guðni Gleason

Teekjumörk einstaklinga til að komast í félagslegt leiguhúsnæði er 5.105.000 kr. á ári en hjóna eða sambúðarfólks 7.148.000 kr. á ári. Þá bætast við 1.276.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu.

Eignamörk eru 5,5 milljónir kr. í hreina eign.

## 250 ÍBÚÐIR Í ÚTLEIGU

250 leigjendur eru í dag í félagslegu húsnæði á vegum Hafnarfjarðarbæjar og hafa flestir leigjendur verið í 1-14 ár en 16 leigjendur hafa verið í 15 og allt upp í 34 ár í félagslegu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ. 25 nýir leigjendur hafa verið styttra en eitt ár í félagslegu leiguhúsnæði.

Unnið er að gagnagrunni til að skerpa á vinnulagi í húsnæðismálum. Þá er Fjölskyldþjónustan í samstarfi við fjárreiðudeild að vinna með vanskil skjólstaðinga á húsaleigu og greina þá leigjendur sem eru með of há tekjumörk.

# Hrafnhildur Lúthersdóttir hætt keppni


Hún og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir tilkynntu á þakargjörðarhátíð að þær væru hættar keppni á mótum erlendis

Sunddrottningarnar Hrafnhildur Lúthersdóttir og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir úr Sundfélagi Hafnarfjarðar tilkynntu rétt í þessu á glæsilegri þakargjörðarhátíð að þær væru hættar keppni á stórmótum erlendis.

Báðar eiga þær glæstan feril að baki og hafa verið flottir fulltrúar Hafnarfjarðar og Íslands.

Héldu þær þakargjörðarhátíð í sal SH í Ásvallaug þar sem þær fóru yfir feril sinn og sögðu frá upplifun sinni, gleði og sorgum á ferlinum. Loka-

hnykkurinn hjá þeim var Evrópu-meistaramótið í Tékklandi þrátt fyrir að Hrafnhildur væri í fullu háskólanámi og Ingibjörg í mastersnámi. Sögðu þær að markmiðið með því að taka þátt í þessu móti væri að njóta þess að keppa. Hrafnhildur var að taka lokapróf og þurfti að fara yfir heim en náði að setja Íslandsmet og verða fimmta besta í Evrópu. Sagði Ingibjörg að upplifunin hafi verið einstök og þetta hafi verið fullkominn endir á ferlinum.



Hrafnhildur og Ingibjörg hengdu upp síðustu keppnisboli sína.



Ingibjörg og Hrafnhildur þökkuðu Klaus hjálfara sérstaklega og stóðu allir viðstaðir upp þegar honum voru færðar gjafir.

Þær segjast þó ekki vera að segja skilið við sundið og upplýstu að ef t.d. Klaus hjálfari hefði samband við þær og bæðu þær að æfa í tvo mánuði og

keppa á bikarmóti þá myndu þær aldrei segja nei.

Báðar lýstu þær góðri upplifun sinni af æfingum og keppni með félaginu og sögðu vinskapið sem myndast hefði mikilvægan.

Klaus Jürgen Oak, hjálfari þeirra upplýsti að þær saman hafi á ferlinum synt samtals yfir 48.000 kílómetra sem væri meira en heill hringur um jörðina. Þær hafi farið til 42 landa í 4 heimsálfum á ferlinum og sagði að samkvæmt sínu minni hafi þær keppt 12 sinnum á heimsmeistaramótum, 17 sinnum á Evrópumeistaramótum og á Junior Ólympíuleikum og á tvennum Ólympíuleikum.

Þá sagði hann að þær hafi sett samtals 101 Íslandsmet og fengið 136 Íslandsmeistarátitla sem þýðir um 11 Íslandsmeistarátitla á ári.

Sjá nánar á www.fjardarfrettir.is

**Félagsfundur VG í Hafnarfirði,  
mánudaginn 22. janúar, kl. 20:00,  
Strandgötu 11.**

**Dagskrá fundarins:**

Ákveða aðferð við val á framboðslista í Hafnarfirði.



VINSTRI GRÆN

# Prisvar brotist inn í Hvaleyarskóla

Innbrotahrina í byrjun árs – Tölvum stolið

Prisvar sinnum frá áramótum hefur verið brotist inn í Hvaleyarskóla. Að sögn Kristins Guðlaugssonar skólastjóra er sjaldgæft að brotist sé inn í skólann svo þetta sé svolítið áfall. Tveimur tölvum og tveimur skjám var stolið auk þess sem PlayStation leikjatölvu var stolið úr rými nemenda.

Skemmdir hafa verið unnar á gluggum og greinilegt að verkfæri hafa verið notuð að sögn Kristins. Ekki er viðvörunarkerfi í öllum hlutum skólans og því geta þjófar athafnað sig án þess að neinn verði þess var.



Ljóm: Guðni Gíslason

## Þarf að greiða 2,7 milljarða

Hafnarfjarðarbær og Brú lífeyrisjóður starfsmanna sveitarfélaga hafa samið um að Hafnarfjarðarbæ skuldbindur sig hér með til að greiða 633.829.103 kr. framlag í jafnvægisjóð A-deildar Brúar, 1.896.649.091 kr. framlag í lífeyrisaukasjóð og 204.047.193 kr. framlag í varúðarsjóð eigi síðar en 31. janúar 2018. Heimilt er þó að greiða með útgáfu skuldabréfs. Eru þetta samtals 2,7 milljarðar kr. sem leggjast á bæjarsjóð. Samkomulagið var kynnt á fundi bæjarráðs 11. janúar sl.



## HAFNARFJÖRÐUR – REYKJANES

### Suðurnesjalína 2 – Mat á umhverfisáhrifum

Landsnet vinnur að undirbúningi umhverfismats fyrir Suðurnesjalínu 2. Tillaga að matsáætlun er nú á vinnslustigi og er birt á heimasíðunni [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is) sem *Drög að tillögu matsáætlunar*. Óskað er eftir ábendingum og athugasemdum sem geta nýst við komandi matsvinnu og geta allir gert athugasemdir við drögin.

Athugasemdir má senda til Smára Jóhannssonar á netfangið [smari@landsnet.is](mailto:smari@landsnet.is) frá 18. janúar til og með 5. febrúar. Einnig má senda athugasemdir til Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík og merkja „Suðurnesjalína 2. Drög að tillögu matsáætlunar“.

# LANDSNET



## SMÁUGLÝSINGAR

## þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

## smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

## Á DÖFINNI

## Opið hús

Fyrsta opna hús vetrarins hjá Stanga-veiðifélagi Hafnarfjarðar (SVH) verður í **kvöld fimmtudag**. Húsið opnað kl. 20. Nýtingar og spjall.

## Nýjar sýningar

Á laugardaginn kl. 15 verða opnaðar tvær sýningar í Hafnarborg. Í aðalsal safnsins er það sýningin **Ultimate/Relative**, innsetning eftir Ráðhildi Ingadóttur. Í Sverrissal verður opnuð sýningin **Minningabrot og leyndir staðir** sýning á völdum myndum úr tveimur ljósmyndaseríum, Fragments of Remembrance og Hidden Places eftir danska ljósmyndarann Astrid Kruse Jensen.

## Jón Thor sýnir

Myndlistarsýningin Jóns Thors Gíslasonar „Dulhvít fjarlægð“ stendur yfir í SÍM húsinu, Hafnarstræti 16, Reykjavík til 23. janúar og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 16.

## Dagdvalarrýmum fjölgað á Sólvangi um 75%

Velferðarráðuneytið hefur samþykkt að fjölga dagdvalarrýmum á Sólvangi um sex rými frá 1. janúar 2018. Frá þeim tíma er því heimilt að reka allt að 14 almenn dagdvalarrými á Sólvangi.

Hafnarfjarðarbær hafði sent Velferðarráðuneytinu bréf 22. mars sl. þar sem endurtekin var beiðni um fjölgun dagdvalarrýma en ekki hafði verið unnt að verða við fyrri beiðninni.

Ráðuneytið mat það svo nú að þörf væri á þessum rýmum í samræmi við forgangsstöðun á þörf fyrir þjónustu og fjárlög.



Ljóm.: Guðni Gíslason

Nú geta 14 nýtt sér dagdvöl á Sólvangi hverju sinni.

Í dag eru samtals 40 dagdvalarrými í Hafnarfirði því Hrafnista hefur leyfir fyrir 26 rýmum í dagdvöl en þar eru rýmin ætluð 67 ára og eldri íbúum sem búa í Hafnarfirði eða í Garðabæ.

Dvöl er tímabundin, ýmist dagleg eða nokkra daga í viku. Í dagdvöl er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í formi heilsuefningar og afþreyingar. Markmið starfsins er að styðja aldraða einstaklinga til þess að geta búið á eigin heimilum sem lengst og rjúfa félagslega einangrun. Að viðhalda og örva einstaklinga til betri andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar heilsu. Áhersla er lögð á sjálfræði, samveru og samvinnu.

Gaflaraleikhúsið kynnir  
Í SKUGGA SVEINS

Stórskemmtilegur fjölskyldusöngleikur  
eftir Karl Ágúst Úlfsson



Frumssýning  
4. febrúar

2. sýning sunnudag 11. febrúar kl. 13.00  
3. sýning sunnudag 18. febrúar kl. 13.00

midi.is og midasala@gaflaraleikhusid.is

## FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á  
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is  
...eða notaðu formið á  
www.fjardarfrettir.is

## „Dagsbrún“



Að sögn Sigurlaugar Jóninu Jónsdóttur kallast svona himinn „Dagsbrún“ en þetta mátti sjá rétt áður en sólin kom upp 3. janúar sl. enda hefur orðið dagsbrún sömu merkingu og sólarupprás. Fyrir miðri mynd má sjá Helgafell og Lönguhlíðar en myndin er tekin af Flóttamannaveginum rétt neðan við Kaldárselsveg.

# Getum bætt við okkur nýjum viðskiptavinum

	skattframtöl	ársreikningar	umsjón húsfélaga
	bókhald	launaumsjón	virðisaukaskattsuppgjör

## Bókhalds STOFAN

BÆJARHRAUNI 10, HAFNARFIRÐI

Magnús Waage  
viðurkenndur bókarí,  
framkvæmdastjóri  
GSM 863 2275

Bæjarhrauni 10  
220 Hafnarfirði  
Sími 565 2189  
bokhaldsstofan.is

# Vill fé í Reykjanesbraut í ár

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir yfir vonbrigðum með að ekki sé tryggt fjármagn á árinu 2018 við áframhaldandi framkvæmdir við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar. Jafnframt er skorad á þingmenn að sjá til þess að framkvæmdum verði forgangsraðað í samræmi við öryggissjónarmið samgönguáætlunar og því beri að ljúka

framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar innan Hafnarfjarðar. Unnið verði skv. tillögu um skiptingu framkvæmda við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar sem samráðshópur Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar hefur lagt fram. Sem fyrsta áfanga verði tryggt fjármagn á árunum 2018 og 2019 til að ljúka framkvæmdum við

tvöföldun Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi að mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Hönnun á þessum vegakafli liggur fyrir. Síðan verði tryggt fjármagn í samgönguáætlun á árunum þar á eftir til að ljúka framkvæmdum við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar skv. framangreindri tillögu.



## FLENSBORGARHÖFN OG ÓSEYRARSVÆÐI HUGMYNDASAMKEPPNI UM FRAMTÍÐARSKIPULAG

**Hafnarfjarðarhöfn og Hafnarfjarðarbær, í samvinnu við Arkitektafélag Íslands, efna til opinna hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis, sem er í dag hluti hafnarsvæðis Suðrhafnar í Hafnarfirði. Fyrirhugað er að skipuleggja svæðið upp á nýtt með breyttum forsendum, endurskilgreindum skipulagsmörkum og endurskoðuðu aðalskipulagi.**

Meginmarkmið samkeppninnar er að kalla fram hugmyndir um blandaða og þétta byggð við Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði í sátt við aðliggjandi hverfi og hafnarstarfsemi og í takti við ríka sögu og gæði staðarins. Byggingin þarf að hafa sterka tengingu við sjávarsíðuna og bjóða upp á skjólrík svæði fyrir mannlíf. Áhersla er lögð á góðar tengingar við aðliggjandi byggð og miðbæinn. Stækkun smábátahafnarinnar er aðkallandi ásamt góðri aðstöðu fyrir fiskibáta, siglingaklúbb og móttöku skemmtiferðaskipa.

Samkeppnin er öllum opin til þátttöku og er keppnislýsing aðgengileg á vef Hafnarfjarðarbæjar [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is) og á vef Arkitektafélags Íslands [ai.is](http://ai.is). Aðgengi að verkefnisvef, þar sem nálgast má öll ítarlegu samkeppninnar, verður afhent af trúnaðarmanni gegn skráningu til þátttöku frá 15. janúar nk.

**Frestur til að skila tillögum rennur út 9. apríl 2018.**



# ÍÞRÓTTIR

## Handbolti:

18. jan. kl. 20.30, Framhús  
Fram U - FH, 1. deild kvenna

24. jan. kl. 18, Vestm.eyjar  
IBV - Haukar, úrvalsdeild kvenna

**ÚRSLIT KVENNA:**  
Haukar - Fram: 24-23

## Körfubolti:

18. jan. kl. 15, Þorlákshöfn  
Þór Þ. - Haukar, úrvals. karla

21. jan. kl. 15, Stykkishólmur  
Snæfell - Haukar, úrvals. kvenna

**ÚRSLIT KARLA:**  
Haukar - Tindastóll: 75-85

**ÚRSLIT KVENNA:**  
Haukar - Njarðvík: (miðvikudag)

## Knattspyrna:

**19. jan. kl. 20.30, Ásvellir**  
**Tindastóll - Haukar, Faxafloamót kv. B**

**ÚRSLIT KVENNA:**  
HK/Víkingur - FH: (miðvikudagur)

## Framhald af forsiðu

# Fær ekki aðstoð

Móðirin er að koma úr fæðingarorlofi og hélt að auðvelt ætti að vera að fá pláss hjá dagmóður en annað var uppi á teningnum.

Hún vann á leikskóla á Ísafirði fyrir barnsburð og fluttist til Hafnarfjarðar. Hún kemst ekki í vinnu þar sem hún fær ekki gæslu fyrir barnið en starfsfólk vantar á leikskóla bæjarins.

Til að fá atvinnuleysisbætur þarf hún að vera í atvinnuleit svo hún er í mjög erfiðri stöðu og gerir fjárhagsstöðu fjölskyldunnar erfiða. Bærinni niðurgreiddur vistun hjá dagmæðrum um 64 þúsund kr. á mánuði og hún getur ekki fengið þá upphæð til að vera heima hjá barninu. Þó upphæðin sé lítil er hún betra en ekkert. Hins vegar gætu t.d. afi og amma sem þóttu barnið fengið þá upphæð en þar sem slíkum er ekki til að dreifa í tilfelli fjölskyldunnar er hún í vanda.

Finnst móðurinni að henni hafi ekki verið sýndur mikill skilningur á fundinum. Sagði hún greinilegt að yfirvöld þekktu stöðuna ekki mikið enda hafi bæjarstjóri ekki vitað að biðlistar væru hjá dagmæðrum.

Móðirin kallar eftir úrlausnum enda vont þegar bæjaryfirvöld hvetja fólk sem getur unnið að fara á atvinnuleysisbætur eða á styrk hjá félagsmálayfirvöldum einungis vegna þess að ekki er hægt að koma 12 mánaða barni í gæslu.



**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

**Flatahrauni 5a**Boltinn í beinni og lifandi  
tónlist allar helgar.Tilvalinn staður fyrir  
einkasamkvæmi stærri  
og smærri hópa.Happy Hour alla daga  
frá kl. 16 til 19 og fleiri  
flott tilboð á barnum.**ØLSTOFA**

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði  
sími 578 0200

## Stefna vegna skóla sem var ekki byggður

Hornsteinar arkitektar ehf. hafa stefnt Hafnarfjarðarbæ og krefjast þess að viðurkennd verði skaðabótaskylda Hafnarfjarðarbæjar vegna missis á hagnaði sem fyrirtækið hefði notið, hefði Hafnarfjarðarbær ekki ákveðið að ganga ekki til samninga við Hornsteina arkitekta um hönnun og ráðgjöf við Hamranesskóla.

Telur fyrirtækið tjon sitt vera á bilinu 47-74 milljónir kr.

Hornsteinar tóku þátt í lokuðu útbóði í maí 2008 og í stuttu máli var tilboð fyrirtækisins metið hagstæðast í febrúar 2010. Framkvæmdum var frestað eftir hrun enda fjölgaði íbúum á Völlum ekki eins og búist var við.

Frestað var að ganga til samninga og fát var um svör. Í mars 2016 voru kynnt áform um skóla í Skarðshlíð og taldi fyrirtækið að verið væri að færa verkefnið. Í febrúar 2017 auglýsti Hafnarfjarðarbær alútböð vegna Skarðshlíðarskóla og varð forsvarsmönnum Hornsteina þá fyrst ljóst að ekki ætti að ganga til samninga við fyrirtækið. Hornsteinar hafa ekki fengið skýringar né svar við fyrirspurnum og þótti því nauðsynlegt að höfða mál.

**Auglýsingar**símar  
**565 4513**  
**896 4613**gudni@  
fjardarfrettir.isÞannig nærðu  
best til  
Hafnfirðinga!

Þekkir þú staðinn?

**Hönnun  
& umbrot****HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.**

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

hhus@hhus.is | stofnað 1990

**27  
JAN****HERRAKVÖLD**

ÁSVÖLLUM

2018

**HAUKA****Veislustjórn:**  
**Gísli Einarsson****Tónlist:**  
**Bjarni Arason****Stefán á þremur Frökkum sér um veisluföng.**  
**Happdrætti með glæsilegum vinningum**Herrakvöldið verður haldið í samkomusal Hauka að Ásvöllum.  
Miðasla á Ásvöllum | Húsið opnar kl. 19 | Borðhald hefst kl. 20. | Miðaverð kr. 9.500  
Miðaverð fyrir Hauka í horni aðeins kr. 8.000